

GJALDSKRÁ OG REGLUR

120

28. maí

um breyting á gjaldskrá og reglum fyrir landssímann frá 23. nóv. 1951.

1. gr.

6. liður IV. kafla A. hljóði svo:

6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast vátryggingu tækjanna í skipum og bátum öðrum en farþega- og varðskipum og/eða vöruflugningaskipum stærri en 500 rúmlesta, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem landssíminn annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða landsímanum samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.

2. gr.

8. liður IV. kafla A. hljóði svo:

8. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir radiótækin áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskæptastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og vátryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd innan eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram.

3. gr.

11. liður IV. kafla A. falli niður.

4. gr.

6. liður IV. kafla B. hljóði svo:

6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast tryggingu tækjanna, enda greiði leigutaki landssímanum vátryggingariðgjöld samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.

5. gr.

11. liður IV. kafla B. falli niður.

28. maí Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjar-
skipti, og gengur í gildi 1. júní 1953.

Póst- og simamálaráðherrann, 28. maí 1953.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Keflavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Menn mega ekki þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi, svæði, er almenningur fer um eða ætlað er til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, hólvirki o. s. frv. Um veitingahús, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða, leikhús, önnur samkomuhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur og önnur samkomuhús, þar sem opinber eða almenn afgreiðsla fer fram eða umferð um, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, er við á.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til þess að varðveita góða reglu.

2. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, syngja eða hafa annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem getur raskað allsherjarreglu eða ónáðað þá, er um fara eða nálægt húa.

3. gr.

Enginn má að þarflausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast nokkuð að, er ónáðar eða ónáðað getur íbúendur húsa. Bannað er að afhafast nokkuð það, er raskar næturró manna.

4. gr.

Á götum, eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki leika knattleik, paradís, eltingarleik, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir né renna sér á skautum, skíðum eða sleðum eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leika, er hindra eða hindrað geta umferðina. Bannað er að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða svæði, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

5. gr.

Á götum eða yfir svæði, sem almenningur fer um, má eigi skjóta með örvaboga, lykklabyssum eða öðrum skotvopnum, kasta kasttækjum, ekki kveikja í púðri, skoteldum eða nokkrum öðrum sprengiefnum, ekki kasta steinum, glerbrotum, snjókögglum, torfi, óhreininum, vatni eða öðru, er tjóni eða óþægindum geti valdið